

FUNDARGERÐ

Héraðsnefnd Þingeyinga

kom saman til fundar í Félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn 5. maí 2014 kl. 13:00.

Mætt voru:

Héraðsnefndarfulltrúarnir Böðvar Pétursson (varamaður Dagbjartar Bjarnadóttur), Jón Grímsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Ólína Arnkelsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Steinþór Heiðarsson og Þráinn Gunnarsson.

Þá sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fundarsetning

Formaður, Steinþór Heiðarsson setti fund og stjórnaði honum. Lagði hann til að sú breyting yrði gerð á dagskrá að kynning á Langanesbyggð yrði tekin fyrir fyrst á fundinum í stað þess að vera síðust á dagskrá. Var það samþykkt samhljóða.

2. Kynning Langanesbyggðar

Ólafur Steinarsson, sveitarstjóri Langanesbyggðar kynnti sveitarfélagið og helstu verkefni þess. Fram kom m.a. í máli hans að íbúapróun hefur verið tiltölulega jákvæð og meðalaldur íbúa sveitarfélagsins lágur. Þetta skapar sveitarfélaginu hins vegar áskoranir og stendur það frammi fyrir talsverði fjárfestingarþörf, bæði á leik- og grunnskólastiginu. Atvinnuástand hefur verið gott en atvinnulíf þó tiltölulega einhæft og byggir að miklu leiti á einu sjávarútvegsfyrirtæki. Framtíðartækifæri tengjast ferðaþjónustu, frekari úrvinnslu afurða, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði og einnig mögulegri uppbyggingu stórskipahafnar í Finnafirði. Nokkuð skortir á að grunninnviðir s.s. vegakerfi, fjarskipta- og gagnaflutningskerfi og flutningskerfi raforku séu í ásættanlegu ástandi með tilheyrandi erfiðleikum fyrir atvinnulíf og íbúa á svæðinu. Brýnt er því að þrýsta enn frekar á að stjórnvöld beiti sér fyrir úrbótum á þessum sviðum þannig að samkeppnisstaða svæðisins verði leiðrétt.

Að kynningu Ólafs lokinni báru fundarmenn fram nokkrar spurningar og ræddu það sem fram kom. Að því loknu var Ólafi þakkað fyrir góða kynningu.

3. Undirritun fundargerðar Héraðsnefndar Þingeyinga

Undirrituð var fundargerð héraðsnefndar frá 3. des. 2013 sem áður hafði verið samþykkt í tölvupósti.

4. Ársreikningur 2013

Framkvæmdastjóri fór yfir og gerði grein fyrir ársreikningi 2013 sem endurskoðaður er af PriceWaterhouseCoopers ehf. (PWC). Tekjur ársins voru 8,8 mkr. sem var talsvert yfir áætlun og munar þar mest um tekjufærslu vegna

endurgreiðslu frá Ríkislögreglustjóra, 2,6 mkr., vegna útlags kostnaðar í framhaldi af hamfaraveðrinu sem gerði í september 2012 og arðstekjur vegna Skjálfandafljóts, 1,2 mkr. sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í áætlun. Rekstrargöld námu 2,5 mkr. og rekstrarafgangur 6,4 mkr. Niðurstaða efnahagsreiknings er 18,6 mkr. Fastafjármunir 9,4 mkr. og veltufé 9,2 mkr., þar af handbært fé 5,3 mkr. Eigið fé er 12,2 mkr. og skuldir 6,4 mkr. og þar af eru rúmar 6 mkr. vegna lífeyrisskuldbindinga.

Lagt fram endurskoðunarbréf PWC ehf. vegna ársreiknings þar sem grein er gerð fyrir vinnu við endurskoðunina og sérstökum umfjöllunarefnum í tengslum við hana.

Að yfirferð lokinni var reikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða. Var hann síðan áritaður ásamt staðfestingarbréfi vegna endurskoðunar.

5. Kynning á málefnum Menningarmiðstöðvar Þingeyinga (MMP)

Ólína Arnkelsdóttir, formaður stjórnar MMP gerði grein fyrir helstu atriðum í rekstri stofnunarinnar á starfsárinu. Bar þar hæst sölu á Garðarsbraut 17 og að á árinu var tekin í notkun lyfta í Safnahúsinu á Húsavík.

Ólína gerði grein fyrir og kynnti efni ársreiknings 2013. Fram kom að jafnvægi er á rekstri stofnunarinnar. Heildartekjur námu 36,8 mkr. og rekstrargjöld voru 31,5 mkr. og tekjuafgangur því 5,3 mkr. Heildareignir eru 61,6 mkr., fastafjármunir 48,1 mkr. og veltufé 13,5 mkr., þar af handbært fé 7,6 mkr. Eigið fé er 50,7 mkr. og skuldir 10,9 mkr.

6. Tilnefning í stjórn Þekkingarnets Þingeyinga (ÞÞ) til tveggja ára

Staðfest tilnefning Sigurðar Þórs Guðmundssonar sem fulltrúa HNP í stjórn ÞÞ til næstu tveggja ára sem afgreidd hafði verið í tölvupósti.

7. Framhald Þingeyjarverkefnisins

Fyrir liggur að umsókn nefndarinnar til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vegna skipulags- og hönnunarvinnu í Þingey hlaut ekki brautargengi hjá sjóðnum að þessu sinni.

Í ljósi þess að mikilvægt er að halda málinu áfram og vinna það m.a. í samráði við Þingeyjarsveit samþykkir héraðsnefnd að verja allt að kr. 500.000,- á þessu ári í hugmyndavinnu og landslagshönnun sem nýtist vegna deiliskipulagsvinnu og mannvirkjahönnunar á síðari stigum. Rætt um að hafa samband að nýju við Landbúnaðarháskóla Íslands og kanna möguleika á að vinna verkefnið að hluta sem nemendaverkefni.

8. Skipulag og stjórnsýsla almannavarna

Sýslumaður hefur með bréfi óskað eftir því við aðildarsveitarfélög HNP að þau skipi hvert um sig einn fulltrúa til að ræða og gera tillögur að breyttri stjórnsýslu almannavarna í héraðinu. Fram kom það sjónarmið sumra sveitarfélaganna að þau teldi héraðsnefnd þann sameiginlega vettvang þar sem ráða skyldi þessum málum.

Samþykkt að fela formanni að ræða málið við sýslumann og freista þess að koma verkefninu af stað, sem síðan gæti svo komið til formlegrar afgreiðslu nýrrar héraðsnefndar að afloknum kosningum.

9. Ættir Þingeyinga

Fyrir fundinum liggur bréf frá Brynjari Halldórssyni þar sem hann reifar málefni útgáfu Ætta Þingeyinga og mögulegt söluáttak til að minnka þann mikla lager sem til er.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra í samráði við Brynjar að skipuleggja söluáttak, t.d. með útgáfu gjafabréfa eða öðrum þeim hætti sem skilað gæti árangri.

10. Samþykktir Héraðsnefndar Þingeyinga

Fyrir liggur að ýmis ákvæði í samþykktum nefndarinnar þarfnast endurskoðunar, m.a. vegna lagabreytinga en einnig vegna minnkandi hlutverks nefndarinnar.

Samþykkt að vísa því til nýrrar héraðsnefndar að taka samþykktirnar til endurskoðunar.

11. Önnur mál

a) Minnisvarðar í héraði

Í framhaldi af bókun nefndarinnar frá 20. apríl 2012 vegna minnisvarða um Einar Benediktsson, gerði framkvæmdastjóri grein fyrir athugun sinni á mögulegum skyldum nefndarinnar varðandi minnisvarða í héraði. Sú athugun hefur ekki leitt í ljós neinar skyldur umfram það sem snýr að ofangreindum minnisvarða.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að gera kostnaðaraáætlun vegna nauðsynlegs viðhalds á minnisvarðanum og lagfæringa á umhverfi hans og leggja fyrir nýja héraðsnefnd til afgreiðslu.

Formaður, héraðsnefndarfulltrúar og framkvæmdastjóri þökkðu hverjir öðrum fyrir samstarfið á kjörtímabilinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:05

Reinhard Reynisson fundarritari